

Nd. **299. Frumvarp til laga** [166. mál]
um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:
Hlutafélagið skal njóta sömu réttinda og Landsbankanum eru veitt í 50. og 52.—
58. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk bankamálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara um afstöðu til málsins.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Breytingin, sem gerð er með frumvarpi þessu, er sú, að inn í 9. gr. laganna er bætt ákvæði um, að Útvegsbankinn skuli hafa sömu réttindi og Landsbankinn hefur samkvæmt 53. og 54. gr. laga nr. 10/1928. Samkvæmt 53. gr. er bankanum heimilt að áskilja sér hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignaveði, en samkvæmt 54. gr. skal gefa bankanum kauplaust vottorð úr afsals- og veðmálabókum.

Búnaðarbanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 115/1941, 51. gr., sömu réttindi og Landsbankinn samkvæmt 53. gr. Virðist eðlilegt, að Útvegsbankinn hafi sömu réttindi.